



Til bæjarráð

Kópavogi, 30. apríl 2024
2002459/700.00 BR

Efni: Heimild til útboðs á sérleyfissamningi um rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Kópavogi

Með vísan til samþykktar bæjarráðs á samkomulagi við Veitur um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Kópavogi þann 7. mars 2024 er óskað heimildar til útboðs á sérleyfissamningi um uppsetningu og rekstur hleðslustöðva næstu fimm ár þar sem möguleiki er á framlengingu þrisvar sinnum um eitt ár í senn með samþykki beggja aðila.

Um er að ræða útboð á sérleyfissamningi í skilningi 23. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og 5. tölul. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 950/2017 um sérleyfissamninga þar sem Kópavogsbær veitir sérleyfi til ótengds aðila til þess að sinna þjónustu í tengslum við almannahagsmuni.

Þjónustan felst í að útvega, setja upp, tengja og ganga að fullu frá, ásamt því að reka hleðslustöðvar fyrir rafbíla á bílastæðum á bæjarlandi í öllum hverfum bæjarins. Um er að ræða 14 staðsetningar með samtals 49 hleðslustöðvar fyrir 98 stæði.

Kópavogsbær sem sérleyfisveitandi er eigandi stæða og sér um almennt viðhald eins og í öðru bæjarlandi s.s. snjómokstur o.þ.h. Sérleyfishafi hefur hins vegar umráðarétt yfir þeim stæðum sem komnar eru hleðslustöðvar við. Sérleyfishafi er eigandi hleðslustöðva og eignarhald þeirra færist ekki yfir til sérleyfisveitanda.

Sérleyfishafi útvegar, setur upp, tengir og gengur að fullu frá hleðslustöðvum, ásamt því að reka, innheimta gjöld, þjónusta hleðslustöðvar og þjónusta notendur á samningstíma. Sérleyfishafi borgar allan rekstrarkostnað vegna hleðslustöðva, þ.m.t. dreifingarkostnað skv. gjaldskrá Veitna, raforkukaup, viðhaldskostnað og rekstur þjónustuvers sem og kostnað vegna greiðslulausna og alls annars kostnaðar sem af rekstri hleðslustöðva hlýst. Sérleyfishafi leggur til allan búnað þ.m.t. hleðslustöðvar og strengi að tengiskápum og hleðslustöðvar fullfrágengnar og tilbúnar til notkunar.

Tilboð þess bjóðanda sem býður hæsta prósentu hlutfall af orkusölu hleðslustöðvanna verður valið.

Virðingarfyllt,


Kópavogsbær
Umhverfissvið

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar